

5.fundur skólaráðs Hvassaleitisskóla

Viðstaddir fundinn voru; Dagný Kristinsdóttir skólastjóri, Þóra Björk Smith og Aðalsteinn Leifsson fulltrúar foreldra, Sólveig Reynisdóttir og Birna Klara Björnsdóttir fulltrúar kennara, Guðrún Gísladóttir fulltrúi grenndarsamfélags og Hafdís Arnardóttir fulltrúi almenns starfsfólks.

Sérlegir gestir fundarins voru Hrafnhildur Lóa Guðmundsdóttir og Anna M. Hlíðdal Halldórsdóttir fulltrúar foreldrafélagsins.

Dagný Kristinsdóttir ritaði fundargerð.

Fundur var settur kl 8:30 í tónmenntastofu.

Fyrir fundinn var skólastjóri búin að dreifa glærum fundar og skóladagatali fyrir komandi skólaár, 2022-2023.

Dagskrá fundar

1. Niðurstöður lestrarprófa

Dagný kynnir niðurstöður þeirra lestrarprófa sem hafa verið tekin, en yfir skólaárið eru tekin þrjú lestrarpróf, í september, janúar og maí. Nemendur tóku miklum framförum á milli fyrirlagna, frá september til janúar. Sérstaklega var bent á færni nemenda í 1.bekk, sem eru að hefja sína skólagöngu og nemenda í 7.bekk. Styrkja þarf sérstaklega lestur í 6.bekk þar sem hlutfallslega flestir ná ekki grunn viðmiðum.

2. Skóladagatal næsta skólaárs 2022-2023

Kynnt er skóladagatal næsta skólaárs. Starfsdagar eru 5, þrjú þeirra eru sameiginlegir með hverfinu (leik og grunnskólum). Dagný vekur athygli á að 2.janúar verður skólinn lokaður, starfsdagur 3.janúar og kennsla hefst 4.janúar. Í staðinn verður skólaslitadagurinn í júní tvöfaldur, skóli fyrripartinn og skólaslit seinni partinn. Rætt var um foreldraviðtalsdaga en á núgildandi skóladagatali eru dagarnir þeir sömu og eru í Réttarholtsskóla en á komandi ári verður það ekki svo.

Skóladagatal var samþykkt.

3. Grunnskólalíkaníð Edda

Dagný kynnir til sögunnar nýtt grunnskólalíkan sem hefur fengið nafnið Eddan.

Skólasamfélagið kallaði eftir endurskoðun á úthlutun fjármagns til grunnskóla og því fór í gang vinna við að endurskoða hvernig að þeim málum var staðið.

Skólinn kemur misvel út úr líkaninu, vegna stærðar sinnar. Það er einkum þrennt sem kemur fram.

1. Í leikskóla hverfisins eru fáir 5 ára nemendur.
2. Nemendur í einhverfudeild teljast eingöngu til deildar, en áður voru þeir taldir bæði sem nemendur í skólanum og í deild. Dagný sagði það skiljanleg rök og ásættanleg. Þegar þessar breytingar eru komnar fram er ljóst að það fækkar um 25 nemendur í skólanum, eins og staðan er í dag. Í litlum skóla hefur það talsverð áhrif.
3. Eins teljast of margir starfsmenn við skólann.

Þessar þrjár breytur gera það að verkum að endurskipuleggja þarf ýmsa þætti skólstarfsins. Kennarar hafa verið upplýstir um stöðuna og segir Dagný ákveðinn kurr í hópnum. Í dag verður fundur þar sem hópurinn kemur saman og hver og einn leggur fram eina áskorun og eitt tækifæri.

Í líkaninu eru nokkrir þættir óljósir og hafa skólastjórar spurt um leiðbeiningar og skýringar. Dagný gerði ráð fyrir því að þær skýringar kæmu í dag eða á morgun. Hún nefndi einnig að á morgun er Skólamálaráðstefna Skólastjórnenda í Reykjavík og þar verður þessi mál væntanlega til umræðu.

4. Umræða um skólann, nærsamfélag

Dagný lagði til að þessi liður yrði færður fram í maí og á síðasta fundi skólaráðs yrði opinn fundur með foreldrum. Þar yrði næsta skólaár kynnt, farið yfir áherslur í starfi og hægt að taka opið samtal um það hvað foreldrum finnst um skólann, hvernig hlutirnir eru unnir og hvort hægt sé að gera eitthvað betur.

Þetta var samþykkt og rætt um mánudaginn 23.maí. Fundurinn yrði seinnipart dags og jafnvel boðið upp á léttar veitingar. Fundarboð og kynning yrði send tímanlega til foreldra.

5. Önnur mál

- Í ár var Upplestrarkeppni Reykjavíkur haldin, en Stóra upplestrarkeppnin hefur verið lögð niður. Nú var keppnin innan hverfa og var lokakeppnin í hverfinu haldin í gær. Skólinn átti tvo fulltrúa í þeirri keppni og varð Emma Birgisdóttir í 3.sæti. Það er gleðilegur árangur fyrir skólann okkar.
- Þemadagar verða haldnir á fimmtudag og föstudag í næstu viku. Nemendahópnum verður skipt í 6 hópa sem halda á sex stöðvar. Uppbrotið verður fyrir hádegi, eftir hádegi á fimmtudag verður páskaföndur og á föstudag páskaratileikur. Til stendur að leyfa nemendum á miðstigi að fara heim eftir ratleikinn.
- Hrafnhildur bendir á páskabingó foreldrafélagsins sem fer fram fimmtudaginn 7.apríl.
- Hrafnhildur spyr út í stöðuna á framkvæmdum á húsnæði. DK segir að ýmislegt hafi verið gert í vetur, t.d. er búið að taka pappa af ákveðnum svæðum á þaki og skipta um. Eins er verið að vinna með stofu 109 og eru framkvæmdir þar langt komnar. Smiðir eru komnir inn í stofu 110. 1.bekkur sameinaðist í eina stofu og 3.bekkur fór í aðra 1.bekjarstofuna. Meira var gert en upphaflega var gert ráð fyrir. T.d. er búið að taka flísar af baði, setja eldvörn á vegg og hljóðeinangrun. Fyrsta stofan hefur tekið margfalt lengri tíma en gert var ráð fyrir. Engin mygla hefur fundist. að heitið geti. Í loftunum hefur aðallega verið mikið magn af ryki, enda viðarpanill í loftinu og undir honum er strigi, allt sem safnar í sig ryki. DK segir að stjórnendur hafi verið duglegir að kalla til iðnaðarmenn ef eitthvað hefur verið og þeir hafi brugðist skjótt við. Hennar tilfinning sé sú að eigendur hússins vilji gera sitt besta, en verkhraðinn er kannski ekki alltaf sá mesti. Sú stofa sem sé að klárast sé mjög flott og lofi góðu fyrir framhaldið.

Næsti fundur í skólaráði verður boðaður 23.maí um kl 17.00

Fleira var ekki rætt og fundi slitið 09:50

